Fyrirspurn um styttur í bæjarlandinu

Gerðarsafn vann úttekt á útilistaverkum í eigu Kópavogsbæjar árið 2021 og vann skýrslu með ástandi verkanna undir handleiðslu forvarðar. Skýrslan var unnin út frá skráningu umhverfissviðs Kópavogsbæjar auk leitar starfsfólks að verkum sem voru ekki á þeirri skrá. Mögulegt er að einhver útilistaverk séu í bæjarlandinu sem ekki eru í skýrslunni, þá sérstaklega sem sett hafa verið upp án aðkomu bæjarins.

Svör við fyrirspurn eru unnin með skýrsluna til hliðsjónar og er hún fylgiskjal.

1. Hversu margar styttur eru í bæjarlandinu, aðgengilegar almenningi?

Úttekt á útilistaverkum í Kópavogi telur 14 útilistaverk í bæjarlandinu. Úttektin var unnin áður en skúlptúrgarður Gerðarsafns var reistur og er því fjöldinn 16 verk. Tvö þessara verka eru innandyra sem stendur vegna fyrirhugaðra viðgerða.

1a. Hversu margar eru af körlum?

Ekkert útilistaverka í Kópavogi eru minnisvarðar um fólk.

Aðeins tvö útilistaverk eru með fólki á:

Verkið „Allir í leik“ eftir Sigurjón Ólafsson á Rútstúni sýnir börn að leik (síða 2-4 í skýrslu).

Verkið „Sagan um Karlsson“ eftir Magnús Pálsson á Snælandsskóla sýnir senur úr þjóðsögu þar sem eru sögupersónurnar karl og kerling, konungur og drottning auk dýra og furðuvera (síða 11-13 í skýrslu).

1b. Hversu margar eru af konum?

Sjá svar að ofan.

2. Ef kynjahalli er til staðar, á Gerðarsafn styttur sem mætti koma fyrir í bæjarlandinu til þess að jafna hann? Hvaða styttur eru það?

Kynjahalli er ekki til staðar í útilistaverkum bæjarins. Gerðarsafn á engin verk sem eru mannamyndir sem eru ætluð til að vera utandyra, fyrir utan grágrýtiskonu sem stendur í anddyri safnsins. Safnið stefnir þó að því að setja upp fleiri útilistaverk í skúlptúrgarðinn, þá líkast til abstraktverk eftir Gerði Helgadóttur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026